

Tilkynning til ríkislögreglustjóra um meint brot á ákvæði 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti varðandi markaðsmisnotkun.

Þann 15. desember 2008 vísaði Fjármálaeftirlitið máli til ríkislögreglustjóra skv. 148. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.). Um er að ræða mál er varðar a. og b. – lið, 1. tl. 1. mgr. 117. gr. vvl. en ákvæðið fjallar um háttsemi sem felur í sér markaðsmisnotkun. Kveða nefndir liðir ákvæðisins á um að víðskipti eða tilboð sem “gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna”, eða “tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleiri fjármálagerningum” séu talin vera markaðsmisnotkun en slíkt er óheimilt samkvæmt greininni.

Í því tilfelli sem hér um ræðir áttu sér stað víðskipti fjárfestingafélags með hluti í fjórum félögum á síðustu fimm víðskiptadögum ársfjórðungs í gegnum verðbréfamiðlara tilekins fjármálafyrirtækis. Um er að ræða íslenskt fjárfestingafélag og íslenskt fjármálafyrirtæki en félögin fjögur sem um ræðir eru erlend og skráð á skipulega verðbréfamarkaði í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Hefur málið verið skoðað í samvinnu við fjármálaeftirlit viðkomandi landa.

Þeir starfshættir sem Fjármálaeftirlitið taldi gefa til kynna að um markaðsmisnotkun væri að ræða fólust í því að aðilar málsins, þ.e. starfsmaður fjárfestingafélagsins og verðbréfamiðlari fjármálafyrirtækisins, virðast hafa sýnt af sér ásetning til þess að hækka gengi hluta í umræddum félögum með tilboðum sínum og víðskiptum í því skyni að fegra stöðu eignasafns fjárfestingafélagsins við lok viðkomandi ársfjórðungs. Hækkuðu gengi hluta þeirra félaga sem keypt var í ört á umræddum fimm víðskiptadögum en eftir lok ársfjórðungsins hætti umrætt fjárfestingafélag kaupum í félögunum og byrjaði gengi allra fjögurra félaga að lækka á sama tímamarki. Var eignarhlutur fjárfestingafélagsins í umræddum fjórum félögum um 10 – 20% við lok ársfjórðungsins.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til ríkislögreglustjóra.